



Ásta Kristín Benediktsdóttir, formaður
vísindanefndar

Vísindasjóður Félagsráðgjafafélags Íslands

Vísindasjóður Félagsráðgjafafélags Íslands var stofnaður árið 1989. Markmið hans hefur frá upphafi verið að efla rannsóknir félagsmanna.

Vísindanefnd fer með stjórn sjóðsins. Nefndin er ein af fastanefndum Félagsráðgjafafélags Íslands og er skipuð þremur félagsráðgjöfum. Stjórn Félagsráðgjafafélags Íslands

skipar einn fulltrúa árlega í nefndina en tveir félagsmenn eru kosnir á aðalfundi til tveggja ára í senn og skiptir nefndin með sér verkum formanns, gjaldkera og ritara. Vísindanefnd skipa Ásta Kristín Benediktsdóttir – formaður, Guðbjörg María Árnadóttir – gjaldkeri og Helena Konráðsdóttir – ritari.

Vísindanefnd starfar á grundvelli laga Félagsráðgjafafélagsins og lýtur auk þess eigin starfsreglum sem hún setur sér. Félagið ber fulla og óskoraða fjárhagslega ábyrgð á störfum nefndarinnar.

Hlutverk Vísindanefndar er skv. lögum félagsins:



Helena Konráðsdóttir, Ásta K. Benediktsdóttir, Kristín Skjaldardóttir og Guðbjörg María Árnadóttir

”

A-hlutinn er ætlaður til að standa straum af framhalds- og endurmenntunarkostnaði og ferða- og dvalarkostnaði vegna námskeiða



Helena Konráðsdóttir, Guðbjörg María Árnadóttir og Ásta Kristín Benediktisdóttir

- Að greiða fyrir og halda lifandi umræðu um rannsóknir innan félagsins.
- Að starfa í nánum tengslum við fulltrúa skrifstofu FÍ varðandi greiðslur úr A-hluta sjóðsins.
- Að ákveða úthlutun úr B-hluta sjóðsins.
- Að fylgja því eftir að styrkþegar kynni verkefni sitt á félagsráðgjafapingi eða í Tímariti félagsráðgjafa, eða sambærilegu tímariti sbr. 8. gr. úthlutunarreglna B-hluta.
- Að rýna og endurskoða reglur sjóðsins jafnt og þétt.
- Að fræða og halda námskeið um rannsóknir a.m.k. annað hvert ár.

Vísindasjóður skiptist í tvo hluta, A-hluta og B-hluta.

A-hlutinn er ætlaður til að standa straum af framhalds- og endurmenntunarkostnaði og ferða- og dvalarkostnaði vegna námskeiða. Í A-hluta vísindasjóðs renna 90-100% þeirrar upphæðar sem vinnuveitendur greiða í sjóðinn og er sú upphæð greidd út í febrúar ár hvert til þeirra félagsmanna

sem aðild eiga að sjóðnum, þ.e. þeirra sem greitt hefur verið fyrir í vísindasjóð.

Árlega eru 0-10% upphæðarinnar lögð inn á B-hluta sjóðsins en vísindanefnd ákveður í samráði við stjórn FÍ hverju sinni það hlutfall sem lagt er inn á reikning B-hlutans og fer það eftir stöðu sjóðsins hverju sinni. B-hlutnum er ætlað að standa straum af kostnaði við rannsóknar- og þróunarverkefni. Hægt er að sækja um styrk í B-sjóðinn tvisvar á ári, fyrir 15. apríl og 15. október ár hvert. Verkefni verða að vera á sviði félagsráðgjafa og vera stéttinni til hagsbóta og framdráttar, hvað varðar faglega þekkingu. Sérstakar úthlutunarreglur og umsóknareyðublöð gilda fyrir B-hlutann og er þær að finna á heimasíðu félagsins. Styrkir úr B-hluta eru greiddir út um leið og búið er að samþykkja þá en formleg afhending þeirra er á félagsráðgjafapinginu sem haldið er í febrúar ár hvert.

Árið 2025 var greitt 100% úr A-hlutnum vegna ársins 2024, samtals kr. 55.324.501 til 417 félagsmanna. Tveir félagsmenn fengu styrk úr B-hlutnum að þessu sinni, þær Ásthildur Helga Bragadóttir og Kristín Skjaldardóttir.